

Fundur 22.1.2024 Ba Laka stríðskona frá Afríku, var uppi fyrir 600 árum.

Komið þið sæl.

*Já komdu sæl og velkomin.*

Var okkur sagt að tala við ykkur og fengjum við af því styrk og orku og finnst okkur það merkilegt að tala við fólk á gömlu jörðinni.

En ekki eru andarnir hrifnir af öllum þeim áhrifum sem fylgja en verðum við þó að láta það okkur lynda.

Hef ég á minni löngu æfi, æfinlega mátt þola það að andarnir segja okkur að gera ýmislegt sem okkur er á móti skapi, en án þeirra hefðum við ekki komist upp úr þeim erfiðleikum sem sigra okkur hverju sinni og upp á næstu hæð í þessum heimi eða öðrum.

Og er mér það andstyggilegt að hafa fleinin mér í síðu og var mér sagt að orka sú sem fylgdi slíkum samböndum muni græða sárin og fer ég eftir því að vanda.

Og er okkur oft svo lítill bót í því að berjast að mörg okkar komast ekki áfram í landslagi þessu og lifna við annars staðar á þessari jörð.

Já við erum á jörð en við trúum því að andarnir færi okkur á stað andanna sem við erum á þegar að við sofum og er það betri staður með sólarljósi og gnægtum matar og friði og er það framtíðar ríki.

Höfum við lengi vantroyst nágrönnum okkar og eru hér margir ættbálkarnir að berjast og höfum við hér farið á verri stað, þar sem upp úr jörðinni koma ýmis kvikindi og eru þau ekki skárri en þau fyrri og eru það erfið skilyrði að fást við.

Og segja sumir andar okkur að við eigum að friðmælast við nágranna okkar, en ekki gengur það því margir þeirra ásælast klæði okkar og mat og búsvæði.

Og verðum við því að halda áfram.

Var ég uppi í Afríku fyrir um það bil sex hundruð árum og vorum við í herdeild sem samanstóð af kvenhermönnum og börðumst við nágrannaríkin.

Nafn mitt er Ba Laka.

*Ba laka já. Ert þú kona ? Já.*

*Stríðskona ?*

Já. Erum við hér á hnetti þar sem lítið er um sólarljós en höfum fengið orku úr þessum samböndum og höfum trú á að slíkt geti hjálpað.

*Af hvaða þjóð eða ættkvísl varst þú af frá Afríku ?*

Mahorne, Mahorne hét sá ættbálkur, vestur hlutanum, næ ekki alveg betur sambandi, verð nú að kveðja.

Verið þið sæl.

*Vona að þetta lagist eitthvað hjá ykkur.*

Já takk fyrir verið þið sæl.

*Gangi þér vel, vertu sæl.*